

Þórunn Ísleifsdóttir á Beinakeldu 1788¹

Anno 1788, þann 20. september, að Beinakeldu var af okkur undirskrifuðum virtar og yfirlitnar álnir sem Þórunn sáluga Ísleifsdóttir eftir sig lét sem eftir fylgir:

	Rd.	Sk.
Davíðs saltari rotinn		5
Í klæðnaði:		
Forn vaðmáls hempa		88
Önnur af einskeptu nýleg	1	36
Gömul klæðistreyja með dökkum kraga með flöj framan á og innlögð ² af borða		68
Önnur treyja af einskeptu með dökkum flugkraga		20
Blátt pils af kjersu klæði með smágötum	1	
Annað pils blátt með rauðu og bláu damaskskoti og marigestur ³ framan á	1	68
Ljósblá svinta með silfurknapp litlum		54
Bláþrykktur klútur		9
Annar stærri bláþrykktur		32
Gamalt smálérefts traf		10
Litað háls... silkilagt ⁴		7
Blátt einskeptu pils með bláu koti af kjersu		45
Skyrta gatslitin		8
Bakkurl úr nærpilsi		5
Skinneypsa		32
Í rúmfötum		
Brekáns-garmur		7
Einskeptu rekkjuvoð		11
Ræfill af sængurveri		5
Tveggja vættar kista læst		72
Pallkistill læstur		36
Tveggja fjórðunga pottur með 3 götum		24
Gamall tunnusár		27

¹ Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/3, örk 544. Skrifin er víða nokkuð máð og torveld aflestrar.

² Ritað „innlagð.“

³ Óljóst.

⁴ Óljóst.

Tvö trog, lítt nýt		6
Söðull með reiða alkvoldur ⁵ með grænu klæði	2	36
Salúnsklæði gamalt		68
Þófi skakk ⁶		34
Beisli		34
Ein kýr	4	
2 ær	1	
1 lamb		<u>18</u>
[Samtals]:	18	49

Hér með uppástóð velnefnd ekkjan Guðrún Guðmundsdóttir svo framarlega að skipti eru í framanskriðuðum álnum, að hún fengi fyrir sína fyrirhöfn eftir meðfylgjandi reikningi, vitna undirskrifaðir.

Erlendur Guðmundsson, Guðmundur Árnason

Það sem ég hefi haft fyrir móður minni fram yfir hin systkin mín er þetta, að hún var hér 3 ár sem hún mátti kallast ómagi og hafði kú í heyjum. Varð ég svo að selja mína kú fyrir hey handa hennar kú fyrir átta hesta af töðu og jafnt heyi,⁷ hvað eð verður að upphæð 6 rd. krónur. Af áður um getnum tíma lá hún hér veik 20 vikur og 5 daga. Þykist ég því lítið fá fyrir þessa mína fyrirhöfn fái ég minna en 20 álnir á hverja viku, hvað eð gjörir að upphæð 5 rd., 50 skildingar. Þar fyrir utan líkkistan, reiknuð fyrir 1 rd.; líksöngseyrir 27 sk. Verður svo þetta að upphæð 12 rd., 77 skildingar, krónur.

Beinakeldu d. 20. september 1788, Guðrún Guðmundsdóttir

Framan skrifað vitna sannferðugt, Erlendur Guðmundsson, Guðmundur Árnason

⁵ Óljóst.

⁶ Óljóst.

⁷ Verður helst lesið svo.